

## Straumur, ósk um afnot af landi vegna bílastæða - umsögn

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 10 maí 2022 var óskað eftir að umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs vegna bílastæða við Straum en Sjónver ehf hefur óskað eftir því að fá afnot af landi við Straum vegna starfsemi sinnar í tengslum við upplýsingasetur um Lunda og Hrafna.

Ekki er til deiliskipulag af svæðinu en í aðalskipulagi Hafnarfjarðar er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota, það stendur til að aflétta þynningarsvæði álvers á þessum stað.

Í nágrenni Straums eru svæði sem eru á náttúruminjaskrá eins og fjörur, strandir og tjarnir með söltu og ísöltu vatni.

Sú starfsemi sem er fyrirhuguð í Straumi rímar vel við þær áætlanir sem liggja fyrir í aðalskipulaginu, þar sem upplýsingasetrið stendur í miðju svæðis sem er á náttúruminjaskrá.

Á meðan ekki liggja fyrir áætlanir í deiliskipulagi og eins liggur fyrir að það þurfi að endurskoða aðalskipulag Hafnarfjarðar, er mælt með að Straumur fái afnot af landi undir bílastæði, en það yrði gert í samráði við Umhverfis- og skipulagssvið. Þarna eru fornleifar sem þarf að taka tillit til og þarf að innmæla tillöguna og máta hana í landi en á umræddu svæði er malarplan og mói. Skv. fyrirbyggjandi tillögu mætti minnka umfang án þess að fækka stæðum.

Skv. framansögðu er mælt með að bæjarráð taki jákvætt í erindið.



